

1870.

18. janúar.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um aðkaupsgjald af skipi.

Í bræfi, dagsettu 26. októbr. þ. á. hafið þér, herra amtmadur, leitað úrskurðar stjórnarráðsins, hvort kaupendurnir að frakkneskri fiskiduggu úr eik, að nafni *Centaura*, frá *Dunkerque*, 22 $\frac{1}{2}$ dönsk lest að stærð, er seld var við opinbert uppboð sem óhaffær, skuli skyldir að greiða aðkaupsgjald af nefndu skipi, samkvæmt tilskipun 1. maí 1838, 49. gr., með 10 rd. af hverri lest, eða hvort megi greiða þetta gjald samkvæmt 50. gr. í nefndri tilskipun með 12 $\frac{1}{2}$ af hverju 100 af kaupverðinu.

Eftir að skrifazt hefir verið á við aðalskattgjaldastjórnina um þetta mál, verður yður hère með tilkynnt til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það hlutaðeigendum, að ekkert að svo komnu er því til fyrirstöðu, að reiknað verði aðkaupsgjaldið af þessu skipi, sem við uppboðið seldist fyrir eina 85 rd., eftir því, sem í tilskipun 1. maí 1838 er fyrirskipað um aðkaupsgjald af strönduðum skipum.

2. febrúar.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Rípa-amti, um styrk handa jarðyrkjumanni.

Útaf bænarskrá frá Þorvaldi Halldórssyni, úr Rangárvallasýslu á Íslandi, sem sækir um styrk til þess að kynna sér jarðyrkju og landbúnað í Danmörku, mælist stjórnarráðið til, að beiðandanum, sem um þessar mundir er hjá Lieutenant garðeiganda Fabricíus á Bramminge, verði tilkynnt, að honum er veittur 60 rd. styrkur, og má hann vitja þessa fjár á gjaldstofunni í Varde.